Nr. 743 18. ágúst 2016

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.**

*Deiliskipulag Menntaskólans á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæðis.*

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. júlí 2016 samþykkt deiliskipulag fyrir Menntaskólann á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Þórunnarstræti, Hrafnagilsstræti, Skólastíg, Eyrarlandsvegi, austurmörkum lóða við Barðstún og lóðarmörkum Menntaskólans á Akureyri til suðurs. Skipulagssvæðið er fullbyggt en endurskoðaðar eru götur og gönguleiðir, lóðarmörk skilgreind og byggingarreitir fyrir viðbyggingar.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir Menntaskólann á Akureyri frá 2001.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi – Austursíða, athafnasvæði.*

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 22. júní 2016 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Austursíðu, athafnasvæði.

Breytingin felur í sér að hámarkshæð viðbygginga hækkar úr 7,5 m í 9,5 m fyrir hús nr. 5 við Draupnisgötu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 18. ágúst 2016,*

**Anna Bragadóttir,** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2016